

Birtist á Eyjan.is, 21. júní 2013.

Veiðigjaldið og nærsveitirnar

Jón Steinsson

Ein breyting sem ef til vill væri skynsamlegt að gera á lögum um veiðigjöld væri að bæta inn ákvæði um að hluti gjaldsins – ef til vill 1/4 – renni beint til þeirra sveitarfélaga þar sem útgerðarfyrirtækin eru sem greiða gjaldið. Ef veiðigjaldið væri 20 ma.kr þegar fram líða stundir myndi hér vera um verulega fjármuni að ræða. Stórir útgerðarbærir eins og Vestmannaeyjar, Fjarðabyggð, Akureyri, Grindavík, Akranes og fleiri staðir myndi því njóta góðs af greiðslum upp á mörg hundruð milljónir árlega. Það myndi án efa auka sátt um gjaldtökuna á landsbyggðinni. Fyrirkomulag af þessu tagi er til dæmis notað varðandi vatnsafl í Noregi.